

Kvæmatilraun með sitkagreni og hvítsitkagreni á Vestfjörðum.

Sæmundur Kr. Þorvaldsson, Skjólsgógar á Vestfjörðum

Ágrip

Í útekt á genikvæmatilraun á Læk í Dýrafirði (1996-2009) var reynt að svara því hvort tiltekin kvæmi sitkagrenis og sitkabastarðs væru vel aðlöguð aðstæðum á tilraunastað. Hvort aðgangur að næringarefnum í jarðvegi sé takmarkandi þáttur fyrir vöxt og hvort nota megi veðurfarsgögn til að áætla stærð og staðsetningu jafn góðra eða betri vaxtarskilyrða og eru á tilraunastaðnum.

Niðurstöður samanburðartilraunar sem hér er lýst leiðir í ljós að tvö kvæmi af sitkagreni og eitt kvæmi af sitkabastarði eru marktækt betur aðlöguð aðstæðum á tilraunastað en mörg önnur og vaxtargeta ræður heildarhæð fremur en tilfallandi áföll svo sem kal. Samanburður við önnur landsvæði í hreinum sitkagrenikvæmum og kvæmum með herra erfðamengi hvítgrenis bendir til að hafræn áhrif séu mjög mikil á tilraunastaðnum og niðurstöður falli betur að sambærilegum rannsóknum á Suðurlandi og Reykjavíkursvæði fremur en Norðalands og Austan (*Sig Bl. / A.S.*)

Vöxtur og hæð bestu kvæma á Læk er betri (1996-2009) en hjá jafnaldra “nær-kvæmum” í kvæmatilraunum í Skorradal og Þjórsárdal á 7. og 8. áratugnum (*Fredman 1991*)

Meðalhæð bestu kvæma er 20. cm hærri en í Skorradal og 8 cm hærri en í Þjórsárdal.

Þetta bendir til að almennt séu vaxtarskilyrði á Vestfjörðum ekki lakari nú en þau voru á suðvestanverðu landinu á átunda og níunda áratug síðustu aldar.

Rannsókn á næringarefnum í jarðvegi og laufblöðum (barri) sýnir að á tilraunastað er niturskortur ástæða fyrir talsvert takmörkuðum vexti ($N = 1,403$ % af þurrefni) og alvarlegur fosfórskortur (P) er í sumum blokkum ($N\text{-ratio } P = 6,22\text{-}10,7$. Viðmiðunar mörk = 10,0)

Rannsókn á veðurfarsgögnum, sumarhiti (trioterm) og vindálag, staðfestir að á Vestfjarðakjálkanum má finna all stór svæði með jafn góð eða betri vaxtarskilyrði en eru á tilraunastaðnum.